

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2022/720

2023/EES/79/01

frá 10. maí 2022

um beitingu 3. mgr. 101. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gagnvart flokkum lóðréttra samninga og samstilltra aðgerða (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins nr. 19/65/EBE frá 2. mars 1965 um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum samninga og samstilltra aðgerða ⁽¹⁾, einkum 1. gr.,

að birtum drögum að þessari reglugerð ⁽²⁾,

að höfðu samráði við ráðgjafarnefndina um samkeppnishömlur og markaðsráðandi stöðu,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- Með reglugerð nr. 19/65/EBE er framkvæmdastjórninni falið vald til að beita, með reglugerð, 3. mgr. 101. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum lóðréttra samninga og samsvarandi samstilltra aðgerða sem falla undir 1. mgr. 101. gr. sáttmálans.
- Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 330/2010 ⁽³⁾ er skilgreindur flokkur lóðréttra samninga sem framkvæmdastjórnin taldi að uppfyllti almennt þau skilyrði sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 101. gr. sáttmálans. Reynsla af beitingu reglugerðar (ESB) nr. 330/2010, sem fellur úr gildi 31. maí 2022, hefur almennt verið jákvæð eins og sjá má af matinu á þeirri reglugerð. Að teknu tilliti til þeirrar reynslu sem og nýrrar markaðsþróunar, s.s. aukinnar rafrænnar verslunar og nýrra eða algengari gerða lóðréttra samninga, þykir rétt að samþykkja nýja reglugerð um hópundanþágur.
- Sá flokkur samninga, sem ætla má að uppfylli að jafnaði skilyrðin sem sett eru í 3. mgr. 101. gr. sáttmálans, nær til lóðréttra samninga um kaup eða sölu á vöru eða þjónustu þegar slíkir samningar eru gerðir á milli fyrirtækja sem eiga ekki í samkeppni, á milli tiltekinna samkeppnisaðila eða af tilteknum samtökum vörusmáala. Hann tekur einnig til lóðréttra samninga sem innihalda viðbótarákvæði um framsal eða notkun hugverkaréttar. Líta ætti svo á að hugtakið „lóðréttir samningar“ nái til samsvarandi samstilltra aðgerða.
- Að því er varðar beitingu 3. mgr. 101. gr. sáttmálans með reglugerð er ekki nauðsynlegt að skilgreina þá lóðréttu samninga sem geta fallið undir 1. mgr. 101. gr. sáttmálans. Við mat á einstökum samningum, sem falla undir 1. mgr. 101. gr. sáttmálans, ber að taka tillit til ýmissa þátta, einkum gerðar viðkomandi markaðar með tilliti til framboðs og kaupa.
- Ávinningur af þeirri hópundanþágu, sem komið er á með þessari reglugerð, ætti að takmarkast við lóðréttu samninga sem telja má nokkuð víst að fullnægi skilyrðum 3. mgr. 101. gr. sáttmálans.
- Tilteknar gerðir lóðréttra samninga geta bætt efnahagslega skilvirkni innan framleiðslu- eða dreifingarferlis með því að greiða fyrir aukinni samræmingu milli aðildarfyrirtækjanna. Þær geta einkum leitt til lækkunar á viðskipta- og dreifingarkostnaði aðilanna og til hámarkunar á sölu þeirra og fjárfestingum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 134, 11.5.2022, bls. 11. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 188/2023 frá 5. Júlí 2023 um breytingu á XIV. viðauka (Samkeppni) við EES-samninginn (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjtið. EB 36, 6.3.1965.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 359, 7.9.2021, bls. 1.

⁽³⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 330/2010 frá 20. apríl 2010 um beitingu 3. mgr. 101. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gagnvart flokkum lóðréttra samninga og samstilltra aðgerða (Stjtið. ESB L 102, 23.4.2010, bls. 1).

- 7) Líkurnar á því að slíkt áhrif, er leiða til aukinnar hagkvæmni, vegi þyngra en hvers konar samkeppnishamlandi áhrif vegna takmarkana í lóðréttum samningum ráðast af markaðsstyrk aðila að samningnum og einkum af því hve mikla samkeppni aðrir vöru- eða þjónustubirgjar veita, sem kaupandi myndi telja jafngilda eða hliðstæða út frá einkennum vörunnar, verði og fyrirhuguðum notum.
- 8) Ganga má út frá því að ef markaðshlutdeild hvers fyrirtækis sem á aðild að samningnum á viðkomandi markaði fer ekki yfir 30% leiði lóðréttir samningar, sem fela ekki í sér tilteknar strangar samkeppnishömlur, almennt til bættar framleiðslu og dreifingar og til þess að neytendum sé veitt sanngjörn hlutdeild í þeim ávinningi sem af þeim hlýst.
- 9) Þegar viðmiðunarmörk fyrir markaðshlutdeild eru yfir 30% er ekki hægt að ganga út frá því að lóðréttir samningar, sem falla undir 1. mgr. 101. gr. sáttmálans, muni að jafnaði hafa í för með sér slíkan ávinning og svo mikinn að hann vegi upp ókostina sem þeir skapa fyrir samkeppni. Ekki er heldur gengið út frá því að þessir lóðréttu samningar falli annaðhvort undir 1. mgr. 101. gr. sáttmálans eða uppfylli ekki skilyrðin sem kveðið er á um í 3. mgr. 101. gr. sáttmálans.
- 10) Hagkerfi netvettvangsins gegnir æ mikilvægara hlutverki við dreifingu á vörum og þjónustu. Fyrirtæki sem starfa innan hagkerfis netvettvangsins gera kleift að stunda viðskipti með nýjum hætti en sum þeirra er ekki auðvelt að flokka m.t.t. hugtaka sem tengjast lóðréttum samningum í hefðbundnu hagkerfi. Einkum gerir miðlunarþjónusta á netinu fyrirtækjum kleift að bjóða öðrum fyrirtækjum eða lokaneytendum vörur eða þjónustu með það fyrir augum að auðvelda upphaf beinna viðskipta milli fyrirtækja eða milli fyrirtækja og lokaneytenda. Samningar sem varða veitingu miðlunarþjónustu á netinu eru lóðréttir samningar og ættu því að geta notið ávinnings af hópundanþágunni sem komið er á með þessari reglugerð, að uppfylltum þeim skilyrðum sem sett eru fram í þessari reglugerð.
- 11) Skilgreininguna á miðlunarþjónustu á netinu sem notuð er í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1150 ⁽⁴⁾ ætti að aðlagast að því er varðar þessa reglugerð. Til að endurspeglar gildissvið 101. gr. sáttmálans ætti skilgreiningin sem er notuð í þessari reglugerð einkum að vísa til fyrirtækja. Hún ætti einnig að ná til miðlunarþjónustu á netinu sem auðveldar upphaf beinna viðskipta milli fyrirtækja sem og þeirrar sem auðveldar upphaf beinna viðskipta milli fyrirtækja og lokaneytenda.
- 12) Tvíþætt dreifing vísar til aðstæðna þar sem birgir selur vörur eða þjónustu ekki aðeins á fyrri stigum heldur einnig á seinni stigum og fer þar með í samkeppni við óháða dreifingaraðila sína. Í þeim aðstæðum eru, þegar alvarlegar takmarkanir eru ekki fyrir hendi og að því tilskildu að kaupandinn keppi ekki við birginn á fyrri stigum, hugsanleg neikvæð áhrif lóðréttu samningsins á það hvernig samkeppni er háttáð milli birgis og kaupanda á seinni stigum ekki eins mikilvæg og möguleg jákvæð áhrif lóðréttu samningsins á samkeppni almennt á fyrri eða seinni stigum. Lóðréttir samningar sem eru gerðir við slíkar aðstæður þar sem um tvíþætta dreifingu er að ræða ættu því að vera undanskildir samkvæmt þessari reglugerð.
- 13) Upplýsingaskipti milli birgis og kaupanda geta stuðlað að samkeppnishvetjandi áhrifum lóðréttu samninga, einkum hámarks framleiðslu- og dreifingarferla. Þegar um tvíþætta dreifingu er að ræða geta skipti á tilteknum tegundum upplýsinga þó gefið tilefni til þverlægra áhyggna. Því ættu eingöngu upplýsingaskipti milli birgis og kaupanda, við aðstæður þar sem um tvíþætta dreifingu er að ræða, þar sem upplýsingaskiptin bæði tengjast beint framkvæmd lóðréttu samningsins og eru nauðsynleg til að bæta framleiðslu eða dreifingu á samningsvörum eða -þjónustu að vera undanskilin samkvæmt þessari reglugerð.
- 14) Grunnforsendan fyrir því að undanskilja lóðréttu samninga við aðstæður þar sem um tvíþætta dreifingu er að ræða gildir ekki um lóðréttu samninga sem varða veitingu miðlunarþjónustu á netinu þar sem veitandi slíkrar þjónustu er einnig fyrirtæki í samkeppni á viðkomandi markaði fyrir sölu á miðluðum vörum eða þjónustu. Veitendur miðlunarþjónustu á

⁽⁴⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1150 frá 20. júní 2019 um að efla sanngimi og gagnsæi fyrir fyrirtækjanotendur miðlunarþjónustu á netinu (Stjtið. ESB L 186, 11.7.2019, bls. 57).

netinu sem gegna slíku blönduðu hlutverki kunna að hafa getu og hvata til að hafa áhrif á niðurstöðu samkeppni á viðkomandi markaði fyrir sölu á miðluðum vörum eða þjónustu. Slíkir lóðréttir samningar ættu því ekki að vera undanskildir samkvæmt þessari reglugerð.

- 15) Lóðréttir samningar, sem innihalda takmarkanir sem líklegt er að hamli samkeppni og skaði neytendur eða eru ekki ómissandi til að ná áhrifum er leiða til aukinnar hagkvæmni, ættu ekki að vera undanskildir samkvæmt þessari reglugerð. Einkum ætti ávinningur af hópundanþágunni, sem komið er á með þessari reglugerð, ekki að ná til lóðrétttra samninga sem í eru tilteknar strangar samkeppnishömlur á borð við lágmarksverð og fast endursöluverð og ákveðnar tegundir svæðisverndar, þ.m.t. að koma í veg fyrir skilvirka notkun netsins til að selja eða tilteknar takmarkanir á auglýsingum á netinu. Til samræmis við það ættu takmarkanir á sölu á netinu og auglýsingum á netinu að njóta ávinnings af hópundanþágunni sem komið er á með þessari reglugerð, að því tilskildu að þær miði ekki að því, beint eða óbeint, einar sér eða ásamt öðrum þáttum sem eru undir stjórn aðilanna, að koma í veg fyrir að kaupandinn eða viðskiptavinir hans noti netið með skilvirkum hætti til að selja samningsvörur eða -þjónustu til tiltekinna yfirráðasvæða eða viðskiptavina eða að koma í veg fyrir notkun á heilli auglýsingarás á netinu, s.s. verðsamanburðarþjónustu eða auglýsingum á leitarvélum. Takmarkanir á sölu á netinu ættu t.d. ekki að njóta ávinnings af hópundanþágunni sem komið er á með þessari reglugerð ef markmið þeirra er að draga verulega úr samanlögðu magni sölu á netinu á samningsvörum eða -þjónustu á viðkomandi markaði eða möguleika neytenda á að kaupa samningsvörur eða -þjónustu á netinu. Flokkun takmörkunar sem alvarlegrar í skilningi e-liðar 4. gr. getur tekið tillit til innihalds og samhengis takmörkunarinnar en ætti ekki að vera háð aðstæðum á tilteknum mörkuðum eða séreiginleikum aðilanna.
- 16) Takmarkanir sem ekki er hægt að telja nokkuð víst að fullnægi skilyrðum 3. mgr. 101. gr. sáttmálans ættu ekki að vera undanskildar samkvæmt þessari reglugerð. Einkum ætti að setja ákveðin skilyrði fyrir hópundanþágunni til að tryggja aðgengi að og til að hindra leynilegt samráð á viðkomandi markaði. Í þessu skyni ætti að takmarka undanþágur frá skuldbindingum um að taka ekki þátt í samkeppni við skuldbindingar sem gilda ekki lengur en í fimm ár. Skuldbindingar sem verða til þess að þátttakendur í sérvöldu dreifikerfi selja ekki vörumerki ákveðinna birgja í samkeppni ættu á sama hátt að vera undanskildar frá ávinningi sem fæst með þessari reglugerð. Ávinningur af þessari reglugerð ætti ekki að gilda um skuldbindingar á sviði jöfnuðar í smásölu sem skuldbindur kaupendur miðlunarþjónustu á netinu til að bjóða ekki, selja ekki eða endurselja ekki vörur eða þjónustu til endanlegra notenda við hagstæðari skilyrði fyrir milligöngu miðlunarþjónustu á netinu í samkeppni.
- 17) Takmörkun á markaðshlutdeild, sú ákvörðun að undanþiggja ekki tiltekna lóðrétttra samninga og skilyrðin, sem sett eru í þessari reglugerð, tryggja almennt að samningar þeir sem hópundanþágan á við geri aðildarfyrirtækjunum ekki kleift að útrýma samkeppni að því er varðar umtalsverðan hluta þeirra vara eða þjónustu sem um ræðir.
- 18) Framkvæmdastjórnin getur afturkallað ávinning af þessari reglugerð, skv. 1. mgr. 29. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1/2003 ⁽⁵⁾, ef hún telur í einhverju tilteknu tilviki að samningur sem hópundanþágan, sem komið er á með þessari reglugerð, gildir um hafi eigi að síður áhrif sem samrýmast ekki 3. mgr. 101. gr. sáttmálans. Samkeppnisyfirvald aðildarríkis getur afturkallað ávinning af þessari reglugerð ef skilyrðin í 2. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1/2003 eru uppfyllt.
- 19) Ef framkvæmdastjórnin eða samkeppnisyfirvald aðildarríkis afturkallar ávinning af þessari reglugerð hvílir á þeim sönnunarbyrði þess að viðkomandi lóðréttur samningur falli undir gildissvið 1. mgr. 101. gr. sáttmálans og að samningurinn uppfylli ekki a.m.k. eitt af fjórum skilyrðum í 3. mgr. 101. gr. sáttmálans.
- 20) Þegar ákvarða þarf hvort afturkalla eigi ávinning af þessari reglugerð skv. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1/2003 skipta höfuðmáli þau samkeppnishamlandi áhrif sem leitt geta af samhliða netum lóðrétttra samninga sem hafa svipuð áhrif sem takmarka verulega aðgang að viðkomandi markaði eða takmarka samkeppni verulega. Slík samlegðaráhrif geta einkum komið upp í tilvikum þegar um er að ræða einkadreifingu, einkasölu, sérvalda dreifingu, skuldbindingar á sviði jöfnuðar eða skuldbindingar um að taka ekki þátt í samkeppni.

⁽⁵⁾ Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1/2003 frá 16. desember 2002 um framkvæmd samkeppnisreglna sem mælt er fyrir um í 81. og 82. gr. sáttmálans (Stjtíð. EB L 1, 4.1.2003, bls. 1).

- 21) Til að styrkja eftirlit með samhlíða netum lóðréttra samninga, sem hafa svipuð samkeppnishamlandi áhrif og ná yfir meira en 50% af tilteknum markaði, getur framkvæmdastjórnin lýst því yfir með reglugerð að þessi reglugerð gildi ekki um lóðrétt samninga sem í eru tilteknar takmarkanir sem tengjast viðkomandi markaði og þar með sé ákvæði 101. gr. sáttmálans beitt að fullu á ný gagnvart slíkum samningum.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Skilgreiningar

1. Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:
- a) „lóðréttur samningur“: samningur eða samstillt aðgerð milli tveggja eða fleiri fyrirtækja sem starfrækt eru, að því er varðar samninginn eða samstilltu aðgerðina, á mismunandi stigum framleiðslu- eða dreifingarferlisins og varðar þau skilyrði sem gilda um kaup, sölu og endursölu aðilanna á tiltekinni vöru eða þjónustu,
 - b) „lóðréttar hömlur“: samkeppnishömlur í lóðréttum samningi sem fellur undir gildissvið 1. mgr. 101. gr. sáttmálans,
 - c) „fyrirtæki í samkeppni“: raunverulegur eða hugsanlegur samkeppnisaðili, „raunverulegur samkeppnisaðili“: fyrirtæki sem starfar á sama, viðkomandi markaði, „hugsanlegur samkeppnisaðili“: fyrirtæki sem myndi að líkindum, ef lóðréttur samningur liggur ekki fyrir, á raunhæfum grundvelli en ekki aðeins sem fræðilegur möguleiki, á stuttum tíma ráðast í nauðsynlegar viðbótarfjárfestingar eða stofna til annars nauðsynlegs kostnaðar til að komast inn á viðkomandi markað,
 - d) „birgir“: nær yfir fyrirtæki sem veita miðlunarþjónustu á netinu,
 - e) „miðlunarþjónusta á netinu“: þjónusta í upplýsingasamfélaginu í skilningi b-liðar 1. mgr. 1. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/1535 ⁽⁶⁾ sem gerir fyrirtækjum kleift að bjóða vörur eða þjónustu:
 - i. öðrum fyrirtækjum, með það fyrir augum að auðvelda upphaf beinna viðskipta milli þessara fyrirtækja eða
 - ii. lokaneytendum, með það fyrir augum að auðvelda upphaf beinna viðskipta milli þessara fyrirtækja og lokaneytenda,óháð því hvort og hvar gengið er frá viðskiptunum,
 - f) „skuldbinding um að taka ekki þátt í samkeppni“: sérhver bein eða óbein skuldbinding sem verður til þess að kaupandi framleiðir ekki, kaupir ekki, selur ekki eða endurselur ekki vörur eða þjónustu sem keppir við samningsvörur eða -þjónustu eða bein eða óbein skuldbinding á hendur kaupanda um að kaupa af birgi, eða af öðru fyrirtæki sem birgir tilnefnir, meira en 80% af heildarinnkaupum sínum á samningsvörum eða -þjónustu eða hliðstæðum vörum og þjónustu á viðkomandi markaði, reiknað á grundvelli verðmætis eða, þar sem það er föst starfsvenja í atvinnugreininni, á grundvelli magns innkaupa á næstliðnu almanaksári,
 - g) „sérvalið dreifikerfi“: dreifikerfi þar sem birgir skuldbindur sig til að selja samningsvörur eða -þjónustu, beint eða óbeint, eingöngu til dreifingaraðila sem valdir eru á grundvelli tiltekinna viðmiðana og þar sem þessir dreifingaraðilar skuldbinda sig til að selja ekki slíkar vörur eða þjónustu til dreifingaraðila sem eru ekki viðurkenndir á yfirráðasvæði sem er frátekið fyrir birgi fyrir starfrækslu þessa kerfis,
 - h) „einkadreifikerfi“: dreifikerfi þar sem birgir úthlutar eingöngu sjálfum sér eða að hámarki fimm kaupendum yfirráðasvæði eða hópi viðskiptavina og kemur í veg fyrir að allir aðrir kaupendur hans geti selt með virkum hætti á því einkasölusvæði eða til þess hóps einkaviðskiptavina,

⁽⁶⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/1535 frá 9. september 2015 um tilhögun miðlunar upplýsinga um tæknireglugerðir og reglur um þjónustu í upplýsingasamfélaginu (Stjtíð. ESB L 241, 17.9.2015, bls. 1).

- i) „hugverkaréttur“: nær yfir hugverkaréttindi á sviði iðnaðar, sérþekkingu, höfundarrétt og grannréttindi,
 - j) „sérþekking“: safn hagnýtra upplýsinga sem einkaleyfi ná ekki yfir og eru afrakstur reynslu og tilrauna birgisins og sem eru leynilegar, umtalsverðar og auðkenndar, „leynilegar“: merkir að sérþekkingin er ekki almennt þekkt eða auðfengin, „umtalsverðar“: merkir að sérþekkingin er veruleg og gagnast kaupandanum vel til notkunar, sölu eða endursölu á vörum eða þjónustu samningsins, „auðkenndar“: merkir að sérþekkingunni er lýst nægilega ítarlega til að unnt sé að sannprófa að hún uppfylli viðmiðanir um leynd og mikilvægi,
 - k) „kaupandi“: nær yfir fyrirtæki sem selur vörur eða þjónustu fyrir hönd annars fyrirtækis samkvæmt samningi sem fellur undir 1. mgr. 101. gr. sáttmálans,
 - l) „virk sala“: að ná með virkum hætti til viðskiptavina með heimsóknum, bréfum, tölvupóstum, símötolum eða annars konar beinum samskiptum eða með markmiðuðum auglýsingum og kynningu, á netinu eða utan þess, t.d. í gegnum prentaða eða stafræna miðla, þ.m.t. netmiðla, verðsamanburðarþjónustu eða auglýsingum á leitarvélum sem beint er til viðskiptavina á tilteknum yfirlýðingum eða í tilteknum hópum viðskiptavina, rekstri vefseturs með höfuðlén sem samsvarar tilteknum yfirlýðingum eða því að bjóða á vefsetri upp á tungumál sem eru almennt notuð á tilteknum yfirlýðingum, ef þau tungumál eru frábrugðin þeim sem eru almennt notuð á yfirlýðingum þar sem kaupandinn hefur staðfestu,
 - m) „óvirk sala“: sala vegna óumbeðinna óska frá einstökum viðskiptavinum, þ.m.t. afhending vara eða þjónustu til viðskiptavinar án þess að salan hafi hafist með því að ná með virkum hætti til tiltekins viðskiptavinar, hóps viðskiptavina eða yfirlýðingum og að meðtöldri sölu sem hlýst af þátttöku í opinberum innkaupum eða svari við einkaboði um að leggja fram tilboð.
2. Í þessari reglugerð skal merking hugtakanna „fyrirtæki“, „birgir“ og „kaupandi“ ná til tengdra fyrirtækja þeirra hvers um sig.

„Tengd fyrirtæki“:

- a) fyrirtæki þar sem samningsaðili, beint eða óbeint:
 - i. ræður yfir meirihluta atkvæðisréttar eða
 - ii. getur skipað meira en helming fulltrúa í yfirstjórn eða stjórn fyrirtækisins eða hjá aðilum sem eru lagalegir fyrirsvarsmenn fyrirtækisins eða
 - iii. hefur rétt til að stjórna rekstri fyrirtækisins eða
- b) fyrirtæki sem hafa, beint eða óbeint, einhver þau réttindi eða völd, sem tilgreind eru í a-lið, yfir samningsaðila eða
- c) fyrirtæki þar sem fyrirtæki, sem um getur í b-lið, hefur, beint eða óbeint, þau réttindi eða völd sem tilgreind eru í a-lið eða
- d) fyrirtæki þar sem samningsaðili og eitt eða fleiri þeirra fyrirtækja, sem um getur í a-, b- eða c-lið, eða þar sem tvö eða fleiri síðarnefndu fyrirtækjanna hafa sameiginlega þau réttindi eða völd sem tilgreind eru í a-lið eða
- e) fyrirtæki þar sem þau réttindi eða völd, sem tilgreind eru í a-lið, eru sameiginlega í höndum:
 - i. samningsaðila eða tengdra fyrirtækja hvers þeirra um sig sem um getur í a- til d-lið eða
 - ii. eins eða fleiri samningsaðila eða eins eða fleiri af tengdum fyrirtækjum þeirra, sem um getur í a- til d-lið, og eins eða fleiri þriðju aðila.

2. gr.

Undanþága

1. Samkvæmt 3. mgr. 101. gr. sáttmálans og með fyrirvara um ákvæði þessarar reglugerðar er því hér með lýst yfir að 1. mgr. 101. gr. sáttmálans gildir ekki um lóðréttta samninga. Þessi undanþága gildir að svo miklu leyti sem slíkir samningar fela í sér lóðréttar hömlur.

2. Undanþágan, sem kveðið er á um í 1. mgr., gildir því aðeins um lóðrétt samninga sem samtök fyrirtækja og einstakir aðilar gera sín á milli, eða sem slík samtök gera við einstaka birgja, að allir aðilar samtakanna séu vörusmálar og enginn einstakur aðili að samtökunum hafi, ásamt tengdum fyrirtækjum, hærri árlega heildarveltu en 50 milljón evrur. Lóðréttir samningar sem slík samtök gera skulu falla undir þessa reglugerð með fyrirvara um beitingu 101. gr. sáttmálans um lárétta samninga sem aðilar að samtökunum gera sín á milli eða ákvarðanir samtakanna.

3. Undanþágan, sem kveðið er á um í 1. mgr., gildir um lóðrétt samninga sem innihalda ákvæði er varða framsal til kaupanda eða not hans á hugverkarétti, að því tilskildu að þessi ákvæði séu ekki meginatriði slíkra samninga og séu beinlínis tengd notkun, sölu eða endursölu kaupanda eða viðskiptavina hans á vöru eða þjónustu. Undanþágan gildir að því tilskildu, að því er varðar umsamda vöru eða þjónustu, að í þessum ákvæðum sé ekki að finna samkeppnishömlur sem hafa sömu áhrif og lóðréttar hömlur sem eru ekki undanþegnar samkvæmt þessari reglugerð.

4. Undanþágan, sem kveðið er á um í 1. mgr., gildir ekki um lóðrétt samninga sem eru gerðir milli samkeppnisfyrirtækja. Þó skal undanþágan gilda þegar fyrirtæki í samkeppni gera lóðréttan samning sem ekki er gagnkvæmur og eitt af eftirtöldu á við:

- a) birgirinn er virkur á fyrri stigum sem framleiðandi, innflytjandi eða heildsali og á seinni stigum sem innflytjandi, heildsali eða vörusmáli, á meðan kaupandinn er innflytjandi, heildsali eða smáli á seinni stigum og ekki samkeppnisfyrirtæki á fyrri stigum þar sem hann kaupir samningsvörur eða
- b) birgirinn útvegar þjónustu á mismunandi stigum viðskipta en kaupandinn býður þjónustu sína á smásölustigi og er ekki samkeppnisfyrirtæki á því stigi viðskipta þar sem hann kaupir samningsþjónustuna.

5. Undanþágurnar sem settar eru fram í a- og b-lið 4. mgr. gilda ekki um skipti á upplýsingum milli birgis og kaupanda sem annaðhvort tengjast ekki beint framkvæmd lóðrétt samningsins eða eru ekki nauðsynleg til að bæta framleiðslu eða dreifingu á samningsvörum eða -þjónustu eða sem uppfylla hvorugt þessara tveggja skilyrða.

6. Undanþágurnar sem settar eru fram í a- og b-lið 4. mgr. gilda ekki um lóðrétt samninga sem varða veitingu miðlunarþjónustu á netinu þar sem veitandi þeirrar miðlunarþjónustu á netinu er fyrirtæki í samkeppni á viðkomandi markaði fyrir sölu á miðluðum vörum eða þjónustu.

7. Þessi reglugerð gildir ekki um lóðrétt samninga þegar viðfangsefni þeirra fellur undir gildissvið annarrar reglugerðar um hópundanþágur, nema kveðið sé á um annað í slíkri reglugerð.

3. gr.

Viðmiðunarmörk fyrir markaðshlutdeild

1. Undanþágan, sem kveðið er á um í 2. gr., gildir með því skilyrði að markaðshlutdeild birgis fari ekki yfir 30% af viðkomandi markaði þar sem hann selur samningsvörur eða -þjónustu og að markaðshlutdeild kaupanda fari ekki yfir 30% af viðkomandi markaði þar sem hann kaupir samningsvörur eða -þjónustu.

2. Að því er varðar 1. mgr. þar sem fyrirtæki kaupir, í samningi margra aðila, samningsvörur eða samningsþjónustu af einu fyrirtæki sem er aðili að samningnum og selur vörurnar eða þjónustuna öðru fyrirtæki sem er einnig aðili að samningnum skal markaðshlutdeild fyrstnefnda fyrirtækisins samrýmast þeim viðmiðunarmörkum fyrir markaðshlutdeild sem kveðið er á um í þeirri málsgrein, hvort heldur fyrirtækið er kaupandi eða birgir, til að undanþágan, sem kveðið er á um í 2. gr., gildi.

4. gr.

Hömlur sem afnema ávinning af hópundanþágu - alvarlegar takmarkanir

Undanþágan, sem kveðið er á um í 2. gr., gildir ekki um lóðrétt samninga sem, beint eða óbeint, einir sér eða ásamt öðrum þáttum sem eru undir stjórn aðilanna, hafa að markmiði:

- a) að takmarka möguleika kaupandans á því að ákveða söliverð sitt, með fyrirvara um möguleika birgisins á því að ákveða hámarkssöliverð eða leiðbeinandi söliverð, að því tilskildu að það jafngildi ekki föstu verði eða lágmarkssöliverði vegna þrýstings eða hvatningar frá öðrum hvorum aðilanna,
- b) ef birgirinn starfrækir einkadreifikerfi, takmörkun á því yferráðasvæði eða þeim viðskiptavinum sem einkadreifingaraðili getur, með virkum eða óvirkum hætti, selt samningsvörur eða -þjónustu, nema:
 - i. takmörkun á virkri sölu einkadreifingaraðila og beinna viðskiptavina hans inn á yferráðasvæði eða til hóps viðskiptavina sem er frátekinn fyrir birginn eða birgirinn hefur úthlutað eingöngu til að hámarki fimm annarra einkadreifingaraðila,
 - ii. takmörkun á virkri eða óvirkri sölu einkadreifingaraðila og viðskiptavina hans til dreifingaraðila sem eru ekki viðurkenndir og eru staðsettir á yferráðasvæði þar sem birgirinn starfrækir sérvalið dreifikerfi fyrir samningsvörur eða -þjónustu,
 - iii. takmörkun á starfsstöð einkadreifingaraðila,
 - iv. takmörkun á virkri eða óvirkri sölu einkadreifingaraðila, sem starfar á heildsölustigi verslunar, til endanlegra notenda,
 - v. takmörkun á möguleika einkadreifingaraðila á að selja, með virkum eða óvirkum hætti, íhluti sem afhentir hafa verið til ísetningar, til viðskiptavina sem hyggjast nota þá til framleiðslu á sömu tegund vöru og birgirinn framleiðir,
- c) ef birgirinn starfrækir sérvalið dreifikerfi,
 - i. takmörkun á því yferráðasvæði eða þeim viðskiptavinum sem þátttakendur í sérvalda dreifikerfinu geta, með virkum eða óvirkum hætti, selt samningsvörur eða -þjónustu, nema:
 - 1) takmörkun á virkri sölu þátttakenda í sérvalda dreifikerfinu og beinna viðskiptavina þeirra inn á yferráðasvæði eða til hóps viðskiptavina sem er frátekinn fyrir birginn eða birgirinn hefur úthlutað eingöngu til að hámarki fimm einkadreifingaraðila,
 - 2) takmörkun á virkri eða óvirkri sölu þátttakenda í sérvalda dreifikerfinu og viðskiptavina þeirra til dreifingaraðila sem eru ekki viðurkenndir og eru staðsettir á yferráðasvæði þar sem sérvalda dreifikerfið er starfrækt,
 - 3) takmörkun á starfsstöð þátttakenda í sérvalda dreifikerfinu,
 - 4) takmörkun á virkri eða óvirkri sölu þátttakenda í sérvalda dreifikerfinu, sem starfa á heildsölustigi verslunar, til endanlegra notenda,
 - 5) takmörkun á möguleika á að selja, með virkum eða óvirkum hætti, íhluti sem afhentir hafa verið til ísetningar, til viðskiptavina sem hyggjast nota þá til framleiðslu á sömu tegund vöru og birgirinn framleiðir,
 - ii. takmörkun á innbyrðis vöruviðskiptum þátttakenda í sérvalda dreifikerfinu sem starfa á sama eða mismunandi stigum viðskipta,
 - iii. takmörkun á virkri eða óvirkri sölu þátttakenda í sérvalda dreifikerfinu, sem starfa á smásölustigi, til endanlegra notenda, með fyrirvara um 1. og 3. tölulið i. liðar c-liðar,

- d) ef birgirinn starfrækir hvorki einkadreifikerfi né sérvalið dreifikerfi, takmörkun á því yferráðasvæði eða þeim viðskiptavinum sem kaupandi getur, með virkum eða óvirkum hætti, selt samningsvörur eða -þjónustu, nema:
- takmörkun á virkri sölu kaupanda og beinna viðskiptavina hans inn á yferráðasvæði eða til hóps viðskiptavina sem er frátekinn fyrir birginn eða birgirinn hefur úthlutað eingöngu til að hámarki fimm einkadreifingaraðila,
 - takmörkun á virkri eða óvirkri sölu kaupanda og viðskiptavina hans til dreifingaraðila sem eru ekki viðurkenndir og eru staðsettir á yferráðasvæði þar sem birgirinn starfrækir sérvalið dreifikerfi fyrir samningsvörur eða -þjónustu,
 - takmörkun á starfsstöð kaupanda,
 - takmörkun á virkri eða óvirkri sölu kaupanda, sem starfar á heildsölustigi verslunar, til endanlegra notenda,
 - takmörkun á möguleika kaupanda á að selja, með virkum eða óvirkum hætti, íhluti sem afhentir hafa verið til ísetningar, til viðskiptavina sem hyggjast nota þá til framleiðslu á sömu tegund vöru og birgirinn framleiðir,
- e) að koma í veg fyrir að kaupandinn eða viðskiptavinir hans noti netið með skilvirkum hætti til að selja samningsvörur eða -þjónustu, þar sem það takmarkar það yferráðasvæði eða þá viðskiptavini sem hægt er að selja samningsvörur eða -þjónustu í skilningi b-, c- eða d-liðar, án þess að hafa áhrif á möguleikann á að leggja á kaupandann:
- aðrar takmarkanir á sölu á netinu eða
 - takmarkanir á auglýsingum á netinu sem hafa ekki að markmiði að koma í veg fyrir notkun á heilli auglýsingarás á netinu,
- f) takmörkun, sem samþykki er fyrir milli íhlutabirgis og kaupanda sem annast ísetningu þessara íhluta, sem hindrar birginn í að selja íhlutina sem varahluti til endanlegra notenda eða til viðgerðarverkstæða, heildsala eða annarra þjónustuveitenda sem kaupandinn hefur ekki falið að gera við vörur sínar eða veita þjónustu sem tengist þeim.

5. gr.

Takmarkanir sem eru útilokaðar

- Undanþágan, sem kveðið er á um í 2. gr., gildir ekki um eftirfarandi skuldbindingar í löðréttum samningum:
 - sérhverja beina eða óbeina skuldbindingu um að taka ekki þátt í samkeppni sem gildir um óákveðinn tíma eða lengur en í fimm ár,
 - sérhverja beina eða óbeina skuldbindingu sem skuldbindur kaupandann, eftir lok samningstímans, til þess að framleiða ekki, kaupa ekki, selja ekki eða endurselja ekki vörur eða þjónustu,
 - sérhverja beina eða óbeina skuldbindingu sem skuldbindur þátttakendur í sérvöldu dreifikerfi til að selja ekki vörumerki tiltekinnna birgja í samkeppni,
 - sérhverja beina eða óbeina skuldbindingu sem skuldbindur kaupanda miðlunarþjónustu á netinu til að bjóða ekki, selja ekki eða endurselja ekki vörur eða þjónustu til endanlegra notenda við hagstæðari skilyrði fyrir milligöngu miðlunarþjónustu á netinu í samkeppni.
- Þrátt fyrir a-lið 1. mgr. skulu fimm ára tímamörkin ekki eiga við ef kaupandinn selur samningsvörur eða -þjónustu frá athafnasvæði og landsvæði sem er í eigu birgisins eða birgirinn leigir af þriðju aðilum, sem hafa engin tengsl við kaupandann, að því tilskildu að gildistími skuldbindingar um að taka ekki þátt í samkeppni sé ekki lengri en tímabil afnota kaupandans af athafnasvæðinu og landsvæðinu.
- Þrátt fyrir b-lið 1. mgr. skal undanþágan, sem kveðið er á um í 2. gr., gilda um sérhverja beina eða óbeina skuldbindingu sem skuldbindur kaupandann, eftir lok samningstímans, til þess að framleiða ekki, kaupa ekki, selja ekki eða endurselja ekki vörur eða þjónustu þegar eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:
 - skuldbindingin varðar vörur eða þjónustu sem keppa við samningsvörur eða -þjónustu,

- b) skuldbindingin takmarkast við athafnasvæði og landsvæði þar sem kaupandinn hefur rekið starfsemi sína á samnings-tímanum,
- c) skuldbindingin er nauðsynleg til að vernda sérþekkingu sem birgirinn færir til kaupandans,
- d) gildistími skuldbindingarinnar er takmarkaður við eitt ár eftir að samningurinn fellur úr gildi.

Ákvæði b-liðar 1. mgr. skal vera með fyrirvara um að möguleiki sé á því að leggja ótímabundnar hömlur á not og uppljóstrun sérþekkingar sem er ekki orðin almenningseign.

6. gr.

Afturköllun í einstökum tilvikum

1. Framkvæmdastjórnin getur afturkallað ávinning af þessari reglugerð, skv. 1. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1/2003, ef hún telur í einhverju tilteknu tilviki að lóðréttur samningur sem undanþágan, sem kveðið er á um í 2. gr. þessarar reglugerðar, gildir um hafi eigi að síður áhrif sem samrýmast ekki 3. mgr. 101. gr. sáttmálans. Slík áhrif kunna að eiga sér stað t.d. ef viðkomandi markaður fyrir afhendingu á miðlunarþjónustu á netinu er mjög samþjappaður og samkeppni milli veitenda slíkrar þjónustu er takmörkuð af samlegðaráhrifum samhliða neta svipaðra samninga sem kemur í veg fyrir að kaupendur miðlunarþjónustu á netinu bjóði, selji eða endurselji vörur eða þjónustu endanlegum notendum við hagstæðari skilyrði á beinum söluleiðum sínum.
2. Samkeppnisyfirlvald aðildarríkis getur afturkallað ávinning af þessari reglugerð ef skilyrðin í 2. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1/2003 eru uppfyllt.

7. gr.

Frávik frá beitingu þessarar reglugerðar

Samkvæmt 1. gr. a í reglugerð nr. 19/65/EBE getur framkvæmdastjórnin ákveðið með reglugerð að þar sem samhliða net svipaðra lóðrétttra hamla ná yfir meira en 50% af viðkomandi markaði skuli reglugerð þessi ekki gilda um lóðréttta samninga sem í eru tilteknar takmarkanir sem varða þann markað.

8. gr.

Beiting viðmiðunarmarka fyrir markaðshlutdeild

Við beitingu þeirra viðmiðunarmarka fyrir markaðshlutdeild, sem kveðið er á um í 3. gr., skulu eftirfarandi reglur gilda:

- a) markaðshlutdeild birgis skal reiknuð á grundvelli upplýsinga um söluandvirði á markaði og markaðshlutdeild kaupanda skal reiknuð á grundvelli upplýsinga um andvirði innkaupa á markaði. Ef upplýsingar um söluandvirði eða andvirði innkaupa á markaði liggja ekki fyrir má nota mat byggt á öðrum áreiðanlegum markaðsupplýsingum, þ.m.t. solumagni og magni innkaupa á markaði, til að ákvarða markaðshlutdeild hlutaðeigandi fyrirtækis,
- b) markaðshlutdeild skal reiknuð út á grundvelli upplýsinga frá næstliðnu almanaksári,
- c) markaðshlutdeild birgis skal ná til vöru eða þjónustu sem lóðrétt sameinaðir dreifingaraðilar hafa fengið til sölu,
- d) ef upphafleg markaðshlutdeild er ekki hærrí en 30% en eykst eftir það skal undanþágan, sem kveðið er á um í 2. gr., gilda áfram í tvö almanaksár samfellt eftir árið þegar fyrst var farið yfir 30% markaðshlutdeild,
- e) markaðshlutdeild þeirra fyrirtækja, sem um getur í e-lið annarrar undirgreinar í 2. mgr. 1. gr., skal skipt jafnt milli þeirra fyrirtækja sem hafa þau réttindi eða völd sem tilgreind eru í a-lið þeirrar undirgreinar.

9. gr.

Beiting viðmiðunarmarka fyrir veltu

1. Að því er varðar útreikning á árlegri heildarveltu í skilningi 2. mgr. 2. gr. skal leggja saman veltu hlutaðeigandi aðila að lóðréttá samningnum á næstliðnu fjárhagsári og veltu sem tengd fyrirtæki hans mynda að því er varðar allar vörur og þjónustu, að undanskildum öllum sköttum og skyldum. Í þessu skyni skal ekki taka tillit til viðskipta milli aðilans að lóðréttá samningnum og fyrirtækja sem tengjast honum eða milli tengdra fyrirtækja hans.
2. Undanþágan, sem kveðið er á um í 2. gr., skal gilda áfram þar sem ekki er farið meira en 10% yfir viðmiðunarmörk fyrir árlega heildarveltu á hverjum tveimur fjárhagsárum samfellt.

10. gr.

Umbreytingartímabil

Bannið, sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 101. gr. sáttmálans, gildir ekki á tímabilinu frá 1. júní 2022 til 31. maí 2023 að því er varðar samninga sem þegar hafa öðlast gildi 31. maí 2022 og uppfylla ekki þau skilyrði fyrir undanþágu sem kveðið er á um í þessari reglugerð en sem uppfylltu, 31. maí 2022, þau skilyrði fyrir undanþágu sem kveðið er á um í reglugerð (ESB) nr. 330/2010.

11. gr.

Gildistími

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. júní 2022.

Hún fellur úr gildi 31. maí 2034.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 10. maí 2022.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.
